



Fundargerð

332. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps
Fimmtudaginn 15. desember 2011, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka eitt mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 111014 – Fjárhagsáætlun 2012.

Síðari umræða.

Farið yfir breytingar sem orðið hafa á áætlun frá fyrri umræðu.

Gert er ráð fyrir óbreyttu útsvarshlutfalli, óbreyttri álagningu fasteignagjalda. Sorpgjöld hækka um 10%. Framlög jöfnunarsjóðs hækka aðeins og munar mestu um almenn jöfnunarframlög. Laun og launatengd gjöld hækka mikið á milli ára. Helstu framkvæmdir ársins verða frágangur á sorpsvæðum hreppsins og áframhald á viðhaldi við byggingu grunnskólans, einnig leikskólans. Sveitarstjóri þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir undirbúning við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

2. 1112025 - Heimild á bankareikning sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnti að fengist hefði yfirdráttarheimild á bankareikning sveitarfélagsins, ef á þyrfti að halda.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16:45

